

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

1. fundur.

að Hlíðavegi 6, þriðjudaginn 15. júní 2010, kl. 14:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Kosning oddvita og varaoddvita.
3. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra og Leigufélags Hvamms 22. júní n.k.
4. Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfél. Þingeyinga 23. júní. n.k.
5. Tillaga að breytttri nefndarskipan.
6. Staða sveitarfélagsins.
7. Aðalskipulag.
8. Hitaveita Skútustaðahrepps.
9. Skjólbrekka.
10. Umhverfismál.
11. Skólamál.
12. Málefni sveitarstjóra.

Til kynningar:

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Auður Jónsdóttir, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Aldursforseti nýrrar sveitarstjórnar Böðvar Pétursson setti fund og bauð nýkjörna sveitarstjórnarmenn velkomna.

2. Kosning oddvita og varaoddvita.

Auður Jónsdóttir gerði tillögu um að Dagbjört Bjarnadóttir yrði kjörin oddviti og Böðvar Pétursson sem varaoddviti til eins árs.

Friðrik Jakobsson gerði að tillögu að Dagbjört yrði kosin oddviti og Eyrún Björnsdóttir varaoddviti til eins árs.

Tillaga Friðriks borinn upp til og felld með þremur atkvæðum gegn tveimur.

Tillaga Auðar því næst borin upp og samþykkt með þremur atkvæðum.

3. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra og Leigufélags Hvamms 22. júní n.k.

Aðalfundi sem vera átti 31. maí s.l. var frestað af óviðráðanlegu ástæðum því er boðað á ný til fundar.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Margrét Hólm Valsdóttir.

4. Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfél. Þingeyinga 23. júní. n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Birgir Steingrímsson.

5. Tillaga að breyttri nefndarskipan.

Eftirfarandi tillaga að breytingu á 51. gr. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps frá 2002, lögð fram.

Tillaga að nýrri nefndarskipan fyrir Skútustaðahrepp.**Skólanefnd 5 manna.**

Hlutverk skólanefndar er að fara með málefni grunn, leik og tónlistarskóla skv. erindisbréfi .

Félags og menningarmálanefnd 5 manna.

Nefndin fjalli um málefni félagsþjónustu, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, jafnréttismála, forvarna, áfengis- og vímuvarna og húsnæðismála. Nefndin fjalli enn fremur um æskulýðs- og íþróttamál í sveitarfélaginu. Þá fjalli nefndin um menningarmál í sveitarfélaginu þar með talin almenningubókasöfn.

Skipulags og umhverfisnefnd 5 manna.

Nefndin fjalli um skipulagsmál, umhverfis- og hreinlætismál í sveitarfélaginu, einnig fjalli nefndin um málefni veitna sveitarfélagsins.

Atvinnumálanefnd 5 manna.

Nefndin starfar á sviði atvinnu-, landbúnaðar og fasteignamála. Nefndin fjalli um málefni landbúnaðarins þar með talið eyðingu vargs og samgöngur. Nefndin fjalli enn fremur um fasteignir í eigu sveitarfélagsins, kaup, viðhald, nýbyggingar, o.fl.

Brunavarnarnefnd 1 fulltrúi,

Sameiginleg með Þingeyjarsveit sem á 2 fulltrúa í nefndinni.

Kjörstjórn 3 fulltrúar

Héraðsnefnd Þingeyinga 1 fulltrúi

Aðalfundur Eypings 2 fulltrúar

Fjallskilastjóri 1 fulltrúi

Byggingarnefnd 1 fulltrúi

Fulltrúi í búfjárefniritnefnd 1 fulltrúi.

Fulltrúi í svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs

Refaskyttur

Skoðunarmenn ársreikninga 2

Tillaga frá fulltrúum G-lista að samgöngumálin verði færð undir Skipulag- og umhverfisnefnd úr Atvinnumálanefnd.
Samþykkt samhljóða.
Tillögunni vísað til annarrar umræðu.

6. Staða sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri fór yfir fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins og svaraði spurningum.

7. Aðalskipulag.

Rætt um stöðu aðalskipulagsvinnunnar og mikilvægi þess að koma þeirri vinnu áfram. Verður rætt frekar á næsta sveitarstjórnarfundum.

8. Hitaveita Skútustaðahrepps.

Málið kynnt. Fyrir liggur áfangaskýrsla 1 um úrbætur og endurbætur á lagnakerfinu. Vinnu samkvæmt henni er lokið að tveimur þriðju hlutum. Drög að seinni úttektarskýrslunni liggja fyrir til umsagnar.

9. Skjólbrekka.

Málið kynnt og farið yfir gildandi leigusamning.

10. Umhverfismál.

Rætt um stígamál umhverfis vatnið auk klassískrar umræðu um salernismál við Leirhnjúk.

11. Skólamál.

Ýmislegt rætt og spurningum svarað.

12. Málefni sveitarstjóra.

Umræðu um málið frestað vegna aðstæðna.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Auður Jónsdóttir,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik Jakobsson.